



8. tbl. • Ágúst 2000

Starfsmenntasjóðir ófagglærðra taka til starfa

Í síðustu kjarasamningum sömdu Samtök atvinnulífsins við Flóabandalagið og VMSÍ um stofnun sérstakra starfsmenntasjóða sem ætlaðir eru ófagglærðu starfsfólki. Árlega verða til ráðstöfunar 90 milljónir króna næstu þrjú árin og kemur drýgstur hluti fjárens frá fyrirtækjunum gegnum atvinnuleysisstryggingasjóð.

Hlutverk sjóðanna er að sinna stuðningsverkefnum, þróunar- og hvatningaraðgerðum í starfsmenntun

verkafélks og stuðla þannig að hæfara starfsfólki sem síðan skilar sér í bættri samkeppnisstöðu fyrirtækja. Formleg starfsemi sjóðanna fer af stað innan tíðar og verður hún tilkynnt sérstaklega.

Ástæða er til að vekja athygli forsvarsmanna iðnfyrirtækja á þessum sjóðum og tækifærum sem í þeim felast fyrir fyrirtækin. Frekari upplýsingar gefur Ingi Bogi Bogason hjá Samtökum iðnaðarins, s. 511 5555.

Norræn málmsuðuráðstefna í Reykjavík 20. – 22. september

Málmsuðufélag Íslands var stofnað 1983 og er því 17 ára á þessu ári. Tilgangur félagsins er að efla málmsuðu á Íslandi í víðasta skilningi.

Að félaginu standa aðallega einstaklingar og fyrirtæki sem hafa brennandi áhuga á framgangi málmsuðuþekkingar hér á landi. Málmsuðufélagið hefur staðið fyrir Íslandsmeistaramóti í málmsuðu síðustu fimm ár og er félagið aðili að norrænu málmsuðusamtökunum.

NSM-2000 er fyrsta málmsuðuráðstefnan sem haldin er hérlendis, en sú 18., sem haldin er á Norðurlöndunum. Því er mjög mikilvægt að einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir, sem á einhvern hátt tengjast málmiðnaði láti ráðstefnuna ekki fram hjá sér fara.



Á ráðstefnunni verður fjallað um málefni sem snerta íslenskan iðnað sérstaklega með áherslu á eftirfarandi þætti.

1. Suðu á léttmálmum, áli og magnesíum.
2. Suðu á ryðfríu stáli og varnir gegn tæringu.
3. Gæðastýringu á málmsuðu í fyrirtækjum.

Um þessi málefni verður fjallað af innlendum og erlendum fyrirlesurum og umræður verða í framhaldi af erindum. Hluti af ráðstefnuverkefninu er Norðurlandamót í málmsuðu.

Skráning á ráðstefnuna fer fram hjá Samvinnuferðum sími: 569-1010

Á heimasíðu ráðstefnunnar www.nsm2000.is er að finna allar nánari upplýsingar um fyrirlestra og fyrirlesara.

Efnisyfirlit

Einkavæðingin og máttur samkeppninnar

Ritstjórnargrein 2



Agora

Alþjóðleg fagsýnig þekkingariðnaðarins 4



Matvæladagur MNÍ 2000

6



Rafrænt markaðstorg ríkisins

7



Vottunarmál lagnaefna

8

Fundur



Einkavæðingin og máttur samkeppninnar

Samkeppnisstaða einkarekstrar og ríkisrekstrar er á margan hátt ólík. Opinber fyrirtæki eru mörg hver undanþegin opinberum gjöldum og stofnfé þeirra hefur verið lagt fram af skattborgurum eða myndast í skjóli einokunar. Opinber rekstur hefur þannig oftast en ekki einokunaraðstöðu eða tryggja tekjustofna frá ríki eða sveitarfélögum og þar með óeðlilegt forskot á keppinauta. Einn helsti veikleiki íslensks efnahagslífs er án efa af stór hlutur hins opinbera í atvinnurekstri.

Einkavæðingu og samkeppnisvæðingu hefur miðað allt of hægt hér á landi þó af nógu sé að taka. Oftast en ekki er tilhneiging til þess að útvíkka þennan opinbera rekstur í samkeppni við einkarekstur. Gott dæmi um þetta er umfangsmikill og vaxandi opinber rekstur tölvu- og hugbúnaðardeilda þar sem ekki er greiddur virðisaukaskattur. Tölvu- og hugbúnaðarfyrirtæki á almennum markaði þurfa hins vegar að innheimta virðisaukaskatt af sinni þjónustu. Þetta misrétti er búið að klaga og kæra fram og aftur í stjórnkerfinu en ekkert gerist. Hvorki fjármálaráðuneyti, skattayfirvöld né samkeppnisráð virðast sjá neitt athuga-vert við þetta. Á meðan stækka tölvudeildir ríkisfyrirtækja, lánastofnana og tryggingafélaga.



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

08. tbl. Ágúst 2000

ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 21.08.2000

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Litgreining: Prentmyndastofan hf.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,

121 Reykjavík

Sími: 511 5555, fax: 511 5566

Kennitala 511093-2019

www.si.is,

e-mail: thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri: Haraldur D. Nelson

Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir

Efnisstjóri: Þóra Ólafsdóttir

Málfráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr

Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.

Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir

að geta heimildar í slíkum tilfellum.

ÓBREYTT VERÐ Í 30 ÁR

Rafmagnsverð frá Landsvirkjun á almennum markaði er að raungildi svipað og það var fyrir þrjátíu árum. Miklið er búið að virkja á þessu tímabili en ekkert örlar á því að hagræðing í raforkukerfinu skili almennum raforkukaupendum lægra verði. Nýlega var raforkuverð frá Landsvirkjun hækk- að og verður að segja að það er undarleg byrjun á efn- um margendur- tekinni loforða iðnaðarráðherra og stjórnar Landsvirkjunar um lækku- raforkuverðs.



ENGIN SAMKEPPNI Á RAFORKUMARKAÐI

Umræðan um aukna samkeppni í raforkumálum virðist einhvern veginn hafa fjarað út. Ekkert er að gerast. Forsvarsmenn Landsvirkjunar mega ekki hendra á það minnst að fyrirtækinu verði skipt upp því þá muni markaðs- verð þess rýrna. Öllum er hins vegar ljóst að engin samkeppni verður ef einn framleiðandi rafmagns verður með 90% markaðshlutdeild. Framleiðslan (rafmagnið) á síðan að fara um Landsnet þar sem ætlunin virðist vera að hruga inn öllum kostnaði við óarðbærar félagslegar framkvæmdir liðinna áratuga en þóknun fyrir flutninginginn á síðan að reikna út „kostnaðarlega rétt.“ Við Íslendingar þekkjum því miður allt of vel hvað það þýðir þegar einokunarfyrirtæki selja okkur vöru og þjónustu á „kostnaðarlega réttu verði.“

ÖRLÍTIL SAMKEPPNI Á FJARSKIPTAMARKAÐI

Lítum aðeins á fjarskiptamarkaðinn. Hugbúnaðar- og þekkingariðnaðurinn hefur lagt til að þarna verði skilið á milli rekstrar fjarskiptakerfisins sjálfs og þjónustunnar sem veitt er í gegnum þetta kerfi. Þar er komið á einkenni- legt sambland af einokun og sam- keppni. Forsvarsmenn Landssímans reiknuðu upp á nýtt og í ljós kom að hægt var að lækka svo um munar þá þætti þjónustunnar sem eru í sam- keppni, svo sem farsímaþjónustu og

símtöl til útlanda. Við höfðum þó fram að þessu verið fullvissuð um að allur hafi þessi kostnaður verið rétt reiknaður. Allt í einu er farið að örla á þjónustu og markaðssetningu en þó aðeins á þeim sviðum þar sem sam- keppnin er til staðar. Afnotin af eir- spottunum í götunum kosta nú miklu meira en áður og þjónusta við neyt- endur sem þurfa t.d. að fá nýja síma- línu er alveg jafn ömurleg og hún hef- ur alltaf verið. Þar er engin sam- keppni. Stjórnmalámennt eru varaðir við að skipta fyrirtækinu upp og búa til alvöru samkeppni. Það muni lækka markaðsverðið og þar með skaða ríkissjóð.

EINKAREKIN EINOKUN Í STAÐ RÍKISREKSTRAR?

Einkarekin einokun er síst betri en ríkisrekin einokun. Það er að fara úr öskunni í eldinn. Þegar forstjórar ein- okunarfyrirtækjanna tala gegn því að brjóta þau upp og auka samkeppni á raforku- og fjarskiptamarkaði eru þeir í raun að segja við ráðherrana: Það fæst meira verð fyrir fyrirtækin með því að selja einkaaðilum óheft veiði- leyfi á fyrirtæki og einstaklinga þessa lands. Það getur vel verið að forstjór- unum takist að sannfæra ráðherrana um að þetta sé besta leiðin. En fyrir einstaklinga og fyrirtæki þessa lands sem neyðast til að kaupa þjónustu þessara fyrirtækja er þetta ekki besta leiðin. Þjónusta Landssímans mun ekkert batna og rafmagnsverð Landsvirkjunar ekkert lækka nema með al- vöru samkeppni. Svo einfalt er það. Við höfum séð hversu miklu aukin samkeppni getur áorkað, t.d. á fjár- málamarkaði þar sem miðstýrð verð- lagning og verkaskipting hindraði allar framfarir til skamms tíma. Engu breytti þó stjórnmalámennt töluðu sig hása um þau mál í áratugi. Við getum lengi talað. Án samkeppni hefðum við bara eina hrútleiðinlega útvarpsstöð, svarthvít sjónvarp og enginn myndi bjóða okkur góðan dag hvað þá kaffi- bolla í Bifreiðaeftirliti ríkisins.

Sveinn Hannesson



hefur starfsemi í 3.800 m² húsnæði á Akureyri

Í síðasta mánuði tók AkoPlastos á Akureyri í notkun nýtt verksmiðjuhúsnæði, samtals rúmlega 2.300 m² að stærð, en það er viðbót við 1.500 m² húsnæði sem fyrirtækið keypti á síðasta ári af Rafveitu Akureyrar.

Þegar stórar og smáar rekstrareiningar í öllum greinum eru að sameinast þá var það í sjálfu sér ekkert sérlega fréttuæmt að umbúðafyrirtækið AkoPlast á Akureyri keypti á síðasta ári verksmiðju Plastos umbúða í Garðabæ og fyrirtækin voru sameinuð undir nafninu AkoPlastos. Hitt er stærri frétt og hlýtur það að teljast til nokkurra tíðinda að stórt framleiðslufyrirtæki flytji starfsemi frá höfuðborgarsvæðinu til Akureyrar, þegar stöðugt hefur verið kvartað undan því að lítið sé að gerast utan þess svæðis.

Daníel Árnason framkvæmdastjóri AkoPlastos var því spurður hvað hafi ráðið því að starfsemi Plastos var flutt til Akureyrar.

„Það var vissulega margt sem réði því. Við vorum með stærsta hluta starfsemi okkar á Akureyri, AkoPlast og Kexsmiðjuna og höfðum góða reynslu af því að reka iðnfyrirtæki á Akureyri. Það lá strax fyrir að fyrirtækið yrði ekki rekið á tveimur stöðum og því ljóst að annaðhvort yrði starfsemin á höfuðborgarsvæðinu eða á Akureyri. Hér var um að ræða raunhæft mat á stöðunni. Minni starfsmannavelta og traust vinnuafli til lengri tíma er fljótt að vinna upp bæði flutningskostnað og annan kostnað samfara því að koma fyrirtækinu fyrir á nýjum stað. Gæðakostnaður í framleiðslu eins og okkar er mjög hár og ræðst ekki síst af vinnuafli. Það kostar mikið að þjálfa upp starfsfólk og í umbúðaframleiðslu tekur það talsverðan tíma að ná tökum á framleiðslunni. Mikil starfsmannavelta getur því ráðið úrslitum í rekstri eins og okkar. Rótgróin iðnaðarhefð á Akureyri skiptir verulegu máli fyrir rekstur AkoPlastos.“

Fyrirtækið er nú komið með alla framleiðslu sína til Akureyrar, en er

með lagerhald og sölu og markaðsstarfsemi í Klettagörðum 15 í Reykjavík. Hjá fyrirtækinu starfa nú 44 manns í framleiðslu, 12 við sölu og markaðsstörf og 8 við rekstur og stjórnun.

AkoPlastos framleiðir fjölbreytt úrval plastumbúða sem að mestu eru unnar úr plastfilmum og býður bæði áprentaðar og óáprentaðar umbúðir.

AkoPlastos er í eigu Upphafshafshélf. sem er í meirihlutaeigu Daníels Árnasonar, Eyþórs Jósefssonar og Jóhanns Oddgeirssonar, en þeir félagar keyptu AkoPlast árið 1991, en eiga einnig og reka Kexsmiðjuna sem sett var á fót 1997.

Eins og sést á meðfylgjandi myndum er húsnæði AkoPlastos allt hið glæsilegasta og aðbúnaður til fyrirmyndar.

Ásgeir Magnússon



Breytingar á starfsmannahaldi Samtakanna

Eyjólfur Bjarnason byggingatæknifræðingur, sem unnið hefur fyrir byggingageirann innan Samtaka iðnaðarins undanfarin ár var nýlega ráðinn til Háfells hf. Guðmundur Þór Sigurðsson tæknifræðingur tekur við starfi Eyjólfss frá og með 1. september nk.

Þórarinn Gunnarsson sem starfað hefur fyrir íslenskan iðnað meira og minna síðastliðna áratugi og frá stofnun Samtakanna sem forsvarsmaður prentiðnaðarins og skrifstofustjóri SI var nýlega ráðinn framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar á Siglufirði.

Haraldur Dean Nelson tekur við af Þórarni sem tengiliður prentiðnaðarins hjá SI.

Eyjólfur og Þórarinn fylgja bestu óskir um velfarnað í nýjum störfum um leið og þeim eru færðar þakkir fyrir störf sín í þágu íslensks iðnaðar.

Alþjóðleg fagsýning þekkingariðnaðarins 11. - 13. okt. nk.

Agora fær frábærar undirtektir

Samtök iðnaðarins og fjölmargir félagsmenn taka þátt í sýningu og ráðstefnu

AGORA er alþjóðleg fagsýning þekkingariðnaðarins. Fjöldi fyrirtækja og stofnana sem starfa í þekkingariðnaði munu kynna starfsemi sína og framtíðarsýn. AGORA er markaðstorg hugmynda og veitir fyrirtækjum í þekkingariðnaði einstakt tækifæri til að kynna sig og framtíðarsýn sína meðal fagfólks. Agora ehf sér um framkvæmd sýningar og málþings í samstarfi við Íslandsbanka-FBA, Íslenska erfðagreiningu, OZ.COM og Samtök iðnaðarins.

Góðir gestir á Agora

AGORA er kynnt meðal fagfólks um allan heim og er búist við góðri þátttöku. Erlendir framtaksfjárfestar munu koma til landsins og skoða íslensk hugbúnaðar- og hátæknifyrirtæki á Agora og fulltrúar virtra innlendra og erlendra fagtimarita munu fjalla um Agora og sýnendur.

Samtök iðnaðarins efna til móttöku á Agora undir yfirskriftinni „Icelandic Brightest“ fyrir „gesti EFTA Business Summit“ sem haldið verður á Íslandi á sama tíma.

Einnig munu Samtökin, í samstarfi við SÍH - Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrtækja, bjóða fulltrúum sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og stofnana á UTS-2000 sem er markaðstorg og málþing um upplýsingatækni sveitarfélaga, fimmtudaginn 12. okt. nk.

Á föstudeginum 13. okt. bjóða Samtök iðnaðarins ungu fólki (16-19 ára) í móttöku á Agora í samstarfi við Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar á háskólastigi á Íslandi.


agora

Hvað er Agora?
 Upplýsingar
 Þátttakendur
 Skráning & eyðublað
 Fréttir
 Sýningarsvæðið

www.agora.is

Þekkingarþjóðfélagið Ísland

Eitt af markmiðum AGORA er að vekja upp umræðu um framtíð Íslands í þekkingariðnaði og kynna Ísland sem framsækið þekkingarsamfélag á meðal þjóða heims. Af því til efni verður efnt til málþings á Agora um nýjungar í upplýsingatækni og líftækni undir yfirskriftinni „Þekkingarþjóðfélagið Ísland.“ Heimsþekktir fyrirlesarar munu koma fram en dagskrá málþingsins verður nánar kynnt í byrjun september.



Úlfar Aðalsteinsson og Sæmundur Norðfjörð handsala samstarfssamning Agora og Nýsköpunarsjóðs um Frumkvöðlahreiður á Agora.

Frumkvöðlar og sprotafyrirtæki

Sérstakt sýningarsvæði er tileinkað frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum. Agora og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hafa gert með sér samning sem felur í sér fjárhagslegan stuðning til þátttöku á Agora, faglega aðstoð auk aðstoðar við tengslamyndun.



UTS-2000

Á Agora efna Samtök iðnaðarins og Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja (SÍH) til stefnumóts UT-fyrirtækja við fulltrúa sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og stofnana, og málþings um upplýsingatækni þeirra. UTS-2000 fer fram fimmtudaginn 12. okt. í stúku Hallarinnar.



Ritgerðarsamkeppni um framtíðarsýn árið 2030

Í september munu Agora, samstarfsaðilar, menntamálaráðherra og vefurinn idnadur.is efna til ritgerðarsamkeppni meðal 11 ára barna um framtíðarsýn þeirra árið 2030. Skilafrestur er til 20. sept. nk. og er einungis hægt að senda inn ritgerðirnar í gegnum vefinn idnadur.is.

Úrslit verða kynnt á opnunarhátíð Agora 11. okt. og vegleg verðlaun afhent af því tilefni. Nánari upplýsingar um samkeppnina má finna á vefnum idnadur.is.

Þátttakendur á Agora

Eftirfarandi fyrirtæki og stofnanir hafa skráð sig til þátttöku á Agora. Athugið að listinn er frá 9. ágúst sl. og gæti hafa tekið breytingum síðan.

Álit

Altech JMH hf.
 AX hugbúnaðarhús hf.
 Friðrik Skúlason ehf.
 cTarget Inc.
 Íslensk erfðagreining - deCode Genetics Inc.
 Degasoft
 Bókunarmiðstöð Íslands
 EJS hf.
 Eskill ehf.
 Firmanet ehf - Linux á Íslandi
 Hópvinnukerfi ehf, Groupware Solutions
 Form.is
 Frumkvöðlahreiður Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins
 Gagarín
 Gallup
 Gjørby margmiðlun
 Gagnvirk Miðlun (GMI)
 Góðar Lausnir hf.
 Gula línan
 HV Grettir ehf.
 Halló - Frjáls Fjarskipti
 Halo ehf.
 Handtölvur ehf
 Hugur hf.
 Hugvit
 HVÍTA HÚSIÐ ehf.
 i7 hf.
 Idnadur.is
 Imprá
 INNN
 Islandia Internet
 Íslandsbanki-FBA
 Íslandssími
 Klak
 Konnun.is
 Landsteinar Ísland hf.
 Geislataekni
 Landssíminn
 Lausn hf.
 Leit.is
 Lína.net
 Margmiðlun hf.
 Maskina ehf.

Mbl.is

Nova Media
 Memphis ehf.
 Margmiðlun Internet
 Modernus ehf.
 Motorola Norway AS
 Navision Software Ísland ehf.
 Taugagreining hf.
 Net-Album.net
 Netis - Netverslun Íslands hf.
 Netverk
 Prentsmiðjan Oddi hf.
 Opin kerfi hf. - Hewlett Packard á Íslandi
 OZ.COM
 Pjaxi ehf.
 Reykjavíkurborg
 Rannsóknáþjónusta Háskólans
 Skjár 1
 Hagsmunafélag um eflingu verkfræði- og tæknifræðimenntunar á háskólastigi á Íslandi
 Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar
 Samstarfsvettvangur um heilbrigðis-tækni
 Samtök iðnaðarins
 SÍH - Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja
 Stikla ehf.
 UTS 2000 - Málþing um upplýsingatækni sveitarfélaga
 SKÝRR hf.
 Smartkort ehf.
 Sprok þýðingarstofa
 Stefja
 Strengur
 Streymi ehf
 Tæknival hf.
 Tal
 Torg.is
 Vefsýn hf.
 Vefur hf.
 Verði Ljós
 VISA ÍSLAND
 Visir.is

Samstarfsaðilar:



Þriðju smáfyrirtækjadagar ESB 29.-30. júní sl.



Þriðju smáfyrirtækjadagar Evrópusambandsins voru haldnir í Porto í Portúgal í lok júní. Haldin var tveggja daga ráðstefna þar sem fjallað var málefni fyrirtækja frá ýmsum hliðum.

Ýmsir þurfa að koma að málum til að árangur náist í nýsköpun lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Fyrst og fremst eru það auðvitað fyrirtækin

sjálf með mismunandi þarfir. Mestu máli skiptir að fyrirtækin geri sér grein fyrir því hverjar þarfir þeirra eru. Í öðru lagi þarf öflugt net tengiliða í öllum aðildarríkjum rannsóknáætlana Evrópusambandsins til að koma á framfæri við fyrirtækin öllum þeim möguleikum sem þeim bjóðast til rannsókna, þróunar og nýsköpunar með stuðningi frá Evrópusambandinu. Hér á landi eru þetta aðilar eins og

Rannsóknarráð Íslands, Rannsóknabjónusta háskólans, Samtök iðnaðarins, Imprá og fleiri. Síðast en ekki síst eru það svo rannsóknastofnanir og háskólar sem vinna rannsóknir fyrir fyrirtæki sem ekki hafa aðstöðu til þess sjálf.

Á ráðstefnunni var gerð grein fyrir ýmsum stuðningsáætlunum sem hafa það að markmiði að hvetja fyrirtæki til þátttöku í rammaáætlun ESB. Mikill áhugi er hjá Evrópusambandinu á þátttöku kvenna í rannsóknaverkefnum og þá sér í lagi þátttöku fyrirtækja sem stjórnað er af konum eða í eigu kvenna. Litlar upplýsingar liggja fyrir um þetta úr fyrri rammaáætlunum, en frá upphafi 5. rammaáætlunarinnar hefur upplýsingum um kyn þátttakenda verið safnað. Sérstakt hvatningarverkefni er að hefjast sem hefur það að markmiði að auka þátttöku fyrirtækja, sem rekin eru af konum, í rannsóknum. Um þetta fjallaði hluti ráðstefnunnar.

Auk ráðstefnunnar voru haldnir fundir í ýmsum Evrópuverkefnum, þ.á.m. tveimur sem Íslendingar eiga aðild að.

Matvæladagur MNÍ 2000



Eins og greint var frá í júlíhefti Íslensks iðnaðar verður Matvæladagur MNÍ 2000 haldinn föstudaginn 13. október nk. í Hvammi, Grand hótel Reykjavík. Yfirskrift dagsins er „Örugg matvæli“ og stendur dagskráin yfir frá kl. 12:30-17:00.

Dagskrá:

12:30-13:00	Skráning
13:00-13:10	Setning
13:10-13:40	Yfirlit yfir helstu matarsjúkdóma af völdum örvera – Franklín Georgsson, Hollustuvernd ríkisins
13:40-14:10	Tíðni sjúkdómsvaldandi baktería í matvælum á Íslandi. – Ásmundur E. Þorkelsson, Hollustuvernd ríkisins
14:10-14:40	Örugg matvæli - reynsla ráðgjafans – Snorri Þórisson, Sýni ehf.
14:40-15:40	Kaffi og afhending fjöreggs
15:40-16:20	Risk perception and risk communication about food safety issues – Dr. Lynn Frewer, Food Research Institute, Englandi
16:20-16:50	Kjúklingarækt og vinna við uppbyggingu gæða kerfis í kjúklingabúum – Ólafur Guðjónsson, Móum ehf.
16:50-17:00	Samantekt og ráðstefnuslit

Samtök iðnaðarins hvetja félagsmenn sína í matvælaframleiðslu til að tilnefna vörur, verkefni eða annað sem þeir telja lofsvert í starfsemi fyrirtækisins til samkeppinnar um Fjöregg MNÍ. Tilnefningum verður stillt út til sýnis á ráðstefnustaðnum eins og venja er. Jafnframt eru félagsmenn hvattir til að taka 13. október frá fyrir þennan viðburð. Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Héðinsdóttir á skrifstofu SI í síma 511 5555.

Vika símenntunar

Vika símenntunar verður haldin 4.-10. september nk. um allt land.

Áhersla verður lögð á að auka skilning þess hóps sem síst leggur stund á nám á gildi símenntunar.

Ástæða er til að benda forsvarsmönnum fyrirtækja á að nýta sér ávinning af viku símenntunar.

Frekari upplýsingar fást hjá MENNT (www.mennt.is).

Undirverktakar/ launþegar

Að undanfögnu hefur nokkuð borið á fyrirspurnum og umræðum innan Samtaka iðnaðarins um launþega og verktaka og skilin milli þessara tveggja hópa manna. Af því tilefni þykir rétt að setja fram nokkur orð um þetta efni.

Launþegar starfa samkvæmt svinendum vinnusamningum sem hafa verið skilgreindir þannig: Samningur þar sem annar samningsaðilinn launþeginn skuldbindur sig til að vinna fyrir



ir hinn samningsaðilinn undir stjórn hans og á ábyrgð hans gegn greiðslu í peningum og öðrum verðmætum.

Verktakar starfa hins vegar samkvæmt verksamningum sem eru samningar þar sem annar aðilinn verktaki tekur að sér gegn endurgjaldi að sjá um framkvæmd tiltekins verks þannig að hann ábyrgist gagnaðila þ.e. verkkaupa tiltekinn árangur.

Í lögum um tekju- og eignarskatt og lögum um virðisaukaskatt kemur fram skýr greinarmunur á skattskyldum manna eftir því hvort þeir eru launþegar eða verktakar.

Skattfyrivöld hafa skorið upp herör gegn því sem nefnt hefur verið gervi-
verktaka, þ.e. að aðilar sem eru raun-

verulega launþegar samkvæmt skilgreiningunni hér að framan eru skráðir verktakar. Skattfyrivöld reyna að taka á þessum vanda áður en menn fá virðisaukaskattsnúmer.

Afleiðingar þess, að menn eru skráðir verktakar þegar þeir eru í raun og veru launþegar, geta verið mjög slæmar og haft í för með sér veruleg fjárhagsleg útgjöld bæði fyrir starfsmanninn sem og atvinnurekandann. Sem dæmi um afleiðingar fyrir atvinnurekanda má nefna að skattfyrivöld beita m.a. 10% álagi vegna vantalinnar staðgreiðslu, lagðir eru á dráttarvextir vegna vantalins tryggingargjalds og auk þess 10% álag vegna vantalins virðisaukaskatts.

Þannig geta atvinnurekendur ekki útilokað ábyrgð sína á því hvort starfsmenn eru skráðir launþegar eða hvort þeir eru verktakar, þar sem skattar eru einnig endurákvæðir á atvinnurekandann ef starfsmaður er ranglega skráður verktaki.

Þegar skattfyrivöld og dómstólar meta hvort starfsmenn eru launþegar eða verktakar skoða þeir samning þann sem aðilar hafa gert. Það eru mörg atriði sem geta komið til skoðunar í þessu sambandi og má þar t.d. nefna hvor greiðir í lífeyrissjóð, hver stjórnar verkinu og leggur til verkfæri. Hver ber fjárhagslega ábyrgð á verkinu og hvernig er háttáð vinnutíma, er maðurinn bundinn að því að vinna verkið persónulega eða getur einhver komið í staðinn fyrir hann. Öll atriði sem snerta samband aðilanna eru metin heildstætt og að því mati loknu er ákveðið hvort um er að ræða verktaka eða launþega. Nokkrir dómur hafa fallið í tengslum við þetta svo og eru til fjölmargar niðurstöður yfirskattanefndar.

Samtök iðnaðarins beina því til sinna félagsmanna að ganga vel og tryggilega frá öllum samningum hvort heldur um er að ræða verksamninga eða vinnusamninga. Slíkt er nauðsynlegt fyrir réttarstöðu félagsmanna Sl.



Rafrænt markaðstorg ríkisins (RMR)

Í nóvember sl. skipaði fjármálaráðherra nefnd til að vinna að tillögum um uppbyggingu á rafrænu innkaupakerfi fyrir ríkisstofnanir í tengslum við ramma-samningskerfi Ríkiskaupa. Nefndinni er einnig ætlað að móta sameiginlega stefnu ríkis og viðskiptalífs varðandi rafræn viðskipti í opinberum innkaupum. Samtök atvinnulífsins eiga tvo fulltrúa í nefndinni.

Nefndin lagði m.a. til að sett yrði af stað þróunarverkefni um rafrænt innkaupakerfi og stefnt er að hrinda því verkefni af stað nú í haust. Heilbrigðisstofnanir og Landsspítali háskólasjúkrahús munu taka þátt í þróunarverkefninu en mikið magn innkaupa fer fram á þeirra vegum. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri til að vinna að þarfa- og útboðslýsingu en stefnt er að bjóða út gerð og rekstur rafræns innkaupakerfis fyrir heilbrigðisstofnanir á þessu ári. Jafnframt er stefnt að því í framhaldinu að kerfið verði notað við öll rammisamningsútboð á vegum Ríkiskaupa. Stefnt er að halda kynningu nú í haust fyrir væntanlegum bjóðendum í þróun kerfisins og notendum þess.

Guðmundur Ásmundsson

Það getur einnig komið í veg fyrir að félagsmenn þurfi seinna að standa í mikilli og kostnaðarsamri vinnu við að útskýra fyrir skattfyrivöldum hin og þessi atriði tengd þessu álitaefni.

Ólafur Helgi Árnason


Fundur um vottunarmál lagnaefna

Fundur verður haldinn af Lagnafélagi Íslands í samvinnu við umhverfisráðuneytið, iðnaðarráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, innflytjendur- og seljendur lagnaefna, Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands og Lagnakerfamiðstöð Íslands.

Fundurinn verður haldinn að Skip-holti 70 fimmtudaginn 14. september kl. 15.00 stundvíslega.

Málefni fundarins verða vottanir lagnaefna, vegna orðsendingar byggingarfulltrúans í Reykjavík d.s. í maí 2000, Magnúsar Sædals Svavarssonar.

Þar segir: „Eftir 1. desember 2000 munu ekki verða samþykktir séruppdrættir af lagnakerfum nema á þeim sé vísað til vottaðrar vöru. Frá sama tíma



munu lagnaefni ekki hljóta úttekt nema sannað sé að efni hafi hlotið vottun.“

Ráðningarsamningar fyrir upplýsingatæknifyrirtæki

Á vegum Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins hefur um nokkurt skeið verið unnið að gerð ráðningarsamnings sem nýst getur sem fyrirmynd við gerð ráðningarsamninga við starfsmenn sem standa fyrir utan hefðbundna kjarasamninga og eru í mörgum tilfellum ekki aðilar að stéttarfélögum.

Þjónustudeild SA mun leiða þessa vinnu en aðilar að henni eru þau fyrirtæki sem kjósa að vera fyrir utan þá heildarkjarasamninga sem SA gerir við stéttarfélög launafólks.

Hugmyndin er að útbúa fyrirmynd af ráðningarsamningi sem hefur tilvísanir í þau lög og reglugerðir sem í gildi eru og aðra samninga s.s. kauprétt að hlutabréfum. Fyrirmyndir verða gerðar af þeim samningum sem vísað er til í ráðningarsamningi. Jafnframt verður tekið saman ýmisskonar upplýsingaefni sem tengist ráðningarsamningum og gert aðgengilegt á einfaldan hátt þegar við á. Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Stefánsdóttir hjá SA og Guðmundur Ásmundsson hjá SI.

Ný stjórn Vottunar hf.

Aðalfundur Vottunar hf. var haldinn 29. júní s.l. Samþykkt var sú breyting á lögum félagsins að í stað 7 manna stjórnar verður stjórn félagsins framvegis skipuð 5 fulltrúum eigenda.

Ný stjórn var kosin á aðalfundi, en formaður félagsins frá stofnun, Þórarinn V. Þórarinsson gekk nú úr stjórn, ásamt Sigurði Bogasyni SÍF, Margeiri Gissurarsyni SH og Jóni Sigurðarssyni, Fiskafurðum. Í nýja stjórn félagsins voru kjörnir:

Davíð Lúðvíksson,
Samtökum iðnaðarins, formaður
Gísli Benediktsson,
Nýsköpunarsjóði
Finnur Garðarsson,
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna
Sigurður Pétursson,
Sölusamband íslenskra fiskframleiðanda
Hallgrímur Jónasson,
Iðntæknistofnun Íslands

Framkvæmdastjóri félagsins, Kjartan Kárason, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi s.l. starfsárs. Þar kom m.a. fram að félagið hefur nú vottað gæðakerfi 22 íslenskra fyrirtækja og hagnaður varð á starfsemi félagsins á árinu og lítilsháttar veltuaukning frá fyrra ári. Hagur félagsins hefur vaxið hægt en örugglega.

Lifandi fréttavefur

www.si.is